

Skólapúlsinn

Foreldrakönnuna leikskóla – svarhlutfall var 85%

1. Dagleg leikskólastarf - 92,5% (landið 92,2%) foreldra voru ánægð með leikskólann og 93,7% (landið 94,8%) foreldra sögðu barnið sitt ánægt í leikskólanum. Ánægja foreldra með stjórnun skólans er 98,9% (landið 95,2%). Aðeins hefur orðið aukning á sérþörfum í mataræði og 93,3% (landið 95,2%) telja að í leikskólanum sé hollt mataræði.
2. Námsumhverfi – 91,5% (landið 92,6%) foreldra meta aðstöðu góða og 90% (landið 89,1%) telja vinnubrögð góð. Þátttaka án aðgreiningar telja foreldrar ganga mjög vel 100% (landið 97,2%) tilfella.
3. Samskipti við forelda - 77,1% (landið 74,9%) foreldra telja upplýsingamiðlun góða. Þekking á stefnu og námskrá leikskólans er 63,5% (landið 81,4%). Tengsl foreldra við starfsmenn hafa minnkað mikið frá síðustu könnun og hefur þátttaka foreldra í leikskólastarfinu ekki verið mikil, þar sem ýmsir viðburðir hafa verið í dvala. Hér getum við gert betur og munum leggja okkur fram um það.
4. Upphaf og lok leikskólagöngu – Leikskólabyrjun mátu 74,2% foreldra góða en það er á pari við landið. Svörun um flutning á milli skólastiga var mjög lítil og því eru niðurstöður þar ekki marktækar. Aðlögun á milli deilda á sér einungis stað þegar 4 ára börnin flytjast yfir á 5 ára deildir leikskólans og telja 83,3% (landið 90,5%) foreldra þann flutning hafa heppnast vel. En vegna Covid aðstæðna síðasta haust þá gátu foreldrar ekki tekið mikinn þátt í þessari aðlögun.
5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta – Það eru ekki mörg svör frá foreldrum í þessum þætti en hlutfall sérkennslu og stuðnings er 10,8% (landið 14,7%). Hlutfall sérfræðipjónustu er 11,3% (landið 9,9%).

Aukaspurning fylgdi könnuninni sem mældi ánægju með Covid viðbrögð skólans. Niðurstaðan bendir til ánægju 95,8% (landið 95,4%).